

## Hagur veiða og vinnslu 2011

*Profitability in fishing and fish processing 2011*

### Samantekt

Hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns eða EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegsins jókst milli áranna 2010 og 2011. Í fiskveiðum og -vinnslu hækkaði þetta hlutfall (án milliviðskipta) úr 28,9% í 30,3%, lækkaði í fiskveiðum úr 26,6% árið 2010 í 26,4% af tekjum árið 2011 og hækkaði í fiskvinnslu úr 16,1% í 19,1%.

Hreinn hagnaður (EBT) í sjávarútvegi, samkvæmt árgreiðsluaðferð, nam 22,6% árið 2011 samanborið við 19,8% árið áður. Sé miðað við hefðbundna uppgjörs-aðferð er niðurstaðan 17,1% hagnaður 2011 samanborið við 15,1% hagnað árið 2010, enda gætir ekki beinna áhrifa af breytingum á gengi við mat á fjármagnskostnaði sé árgreiðsluaðferðin notuð.

### Inngangur

Hagstofa Íslands tekur árlega saman yfirlit yfir rekstur helstu greina sjávarútvegs. Við gerð þess er bæði byggt á skattframtölum rekstraraðila og reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni, og kann hún þeim bestu þakkir fyrir. Yfirlitin sýna afkomu helstu greina veiða og vinnslu sjávarafurða, þ.e. báta í nokkrum stærðarflokkum, uppsjávarveiðiskipa, ísfisktogara, frystitogara, botnfiskfrystingar, botnfishsöltunar, mjöl- og lýsisvinnslu og ferskfiskvinnslu. Ekki er birt sérstakt yfirlit yfir rekstur í rækjuvinnslu, herslu og síldarsöltun og er rækjuvinnsla birt með frystingu en hersla og síldarsöltun með botnfishsöltun. Einnig eru uppsjávarveiðiskip sem frysta aflann um borð talin með frystiskipum sem frysta botnfisk.

Í þessu hefti er birt yfirlit yfir rekstur ársins 2011. Yfirlit þessi eru færð upp til heildar ásamt yfirliti yfir efnahag sjávarútvegsins í heild árin 2005–2011. Einnig er sýnd dreifing vergrar hlutdeilda fjármagns í frystingu og söltun, dreifing afkomu 835 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar árið 2011 auk dreifingar eiginfjárlutfalls í sjávarútvegi 2010–2011. Þá er birt yfirlit yfir strandveiðar sem fyrst voru leyfðar á fiskveiðíárinu 2008/2009. Á tímabilinu maí til ágúst fiskveiðíárið 2010–2011 voru veiddar á handfæri um 7.400 lestir af óslægðum botnfishi á strandveiðum. Um 560 bátar stunduðu strandveiðar árið 2011. Yfirlitið er sýnt í töflu 10 og er dregið út úr rekstraryfirliti yfir báta undir 10 brúttótonnum.

Auk athugana á afkomu sjávarútvegs birtir Hagstofan reglulega ársreikninga fyrirtækja, síðast í október 2012, sem sýnir afkomuna í flestum atvinnugreinum árið 2010. Þessi yfirlit eru einkum byggð á skattframtölum rekstraraðila en þau nægja ekki þegar ætlunin er að fá aðgreinda mynd af veiðum og vinnslu í sjávarútvegi. Nauðsynlegt er því að afla ýtarlegrí upplýsinga beint frá fyrirtækjunum. Þær niður-



stöður sem hér birtast eru því að hluta reistar á reikningum sem fyrirtæki í sjávar-útvegi hafa sent Hagstofunni og kann hún þeim bestu þakkir fyrir.

Hagstofa Íslands vill vekja sérstaka athygli á að samkvæmt 11. gr. laga um veiðigjöld er gert ráð fyrir að söluverðmæti afla og rekstrarkostnaður sem kemur til frádráttar skuli byggjast á upplýsingum sem Hagstofa Íslands vinnur árlega úr skattframtólum og aflar frá fyrirtækjum í fiskveiðum og fiskvinnslu. Hagstofa Íslands hefur um langt árabil leitað upplýsinga hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi og fiskvinnslu til að leggja mat á breytingu á afkomu í greinunum. Þær upplýsingar eru gerðar í tölfræðilegum tilgangi og í umsögn sinni um frumvarp til laga um veiðigjöld varpaði Hagstofan fram þeiri spurningu að hve miklu leyti slik tölfræði hentaði sem grunnur undir skattlagningu af þeim toga sem lagður var til í frumvarpinu. Í umsögninni segir ennfremur að Hagstofan geri almennt ekki athugasemdir við hvernig hagskýrslur sem stofnunin gefur út séu notaðar enda ákveði Hagstofan aðferðafræði sína sjálf. Í ljósi samþykktar Alþingis á lögum um veiðigjöld vill Hagstofan taka fram að hún lætur stjórnvöldum eða skattyfirvöldum ekki í té upplýsingar um einstök fyrirtæki, heldur birtir tölfræði um greinarinnar í heild sem allir hafa jafnan aðgang að á vef stofnunarinnar

## Niðurstöður

**EBITDA í fiskveiðum og fiskvinnslu árið 2011  
30,3% af tekjum**

**Hagnaður botnfiskveiða  
16,7% og botnfiskvinnslu  
19,6% af tekjum**

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns eða EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegsins hækkaði milli áranna 2010 og 2011. Í fiskveiðum og -vinnslu hækkaði þetta hlutfall (án milliviðskipta) úr 28,9% í 30,3%. Í fiskveiðum lækkaði það lítillega, úr 26,6% árið 2010 í 26,4% af tekjum árið 2011 en hækkaði í fiskvinnslu úr 16,1% í 19,1%.

Hreinn hagnaður botnfiskveiða og -vinnslu, reiknaður í hlutfalli við tekjur samkvæmt árgreiðslaúðferð, hækkaði úr 21,5% af tekjum árið 2010 í 24,5% árið 2011. Hreinn hagnaður botnfiskveiða hækkaði úr 15,9% af tekjum í 16,7% en hagnaður botnfiskvinnslu hækkaði úr 15,3% af tekjum í 19,6%. Afkoma sjávarútvegsins í heild var mjög góð og var 22,6% að frádregnum milliviðskiptum með hráefni. Tafla 9 sýnir rekstraryfirlit sjávarútvegs í heild að frádregnum viðskiptum með hráefni á milli fiskveiða og fiskvinnslu.

Verð sjávarafurða á erlendum mörkuðum í íslenskum krónum hækkaði um 12,1% frá fyrra ári en verð á flotaolíu hækkaði að meðaltali um 44% á milli ára. Útflutningsverðmæti sjávarútvegs jókst um 14,1%, verð á útflutningsvörum í sjávarútvegi hækkaði um 10,9% og magn útflutra sjávarafurða jókst um 2,9%. Veiðigjald útgerðarinnar fer úr 2,3 milljörðum árið 2010 í 3,7 milljarða árið 2011.

**Hreinn hagnaður uppávarveiðiskipa árið 2011  
16,8% af tekjum**

Hagnaður var á rekstri mjöl- og lýsisvinnslu og uppsjávarveiðiskipa á árinu 2011. EBITDA mjöl- og lýsisvinnslu var 25,4% og uppsjávarveiðiskipa 33% af tekjum. Aflí þessara skipa var um 15% meiri en fyrra ár.

**EBITDA strandveiða 8,9%**

Um 560 bátar, flestir minni en 10 brúttótonn, voru við strandveiðar fiskveiðiárið 2010/2011. Aflí bátanna var um 7.400 tonn og aflaverðmætið rúmlega 2 milljarðar. EBITDA strandveiðanna árið 2011 var 8,9%. Í töflu 10 er sýnt rekstraryfirlit strandveiðibáta ásamt rekstraryfirliti báta undir 10 brúttótonnum.

**Árgreiðsla eða hefðbundið  
uppgjör 2011**

Nokkur munur er á afkomu sjávarútvegsins árið 2011 þegar milliviðskipti hafa verið felld út, eftir því hvort hagnaður er reiknaður eftir árgreiðslaúðferð eða á hefðbundinn hátt miðað við gjaldfærðar afskriftir og fjármagnskostnað. Hreinn

hagnaður eftir árgreiðslu var 22,6% en 17,1% sé miðað við hefðbundna uppgjörs-aðferð. Munurinn stafar meðal annars af því að beinna áhrifa af breytingum á gengi við mat á fjármagnskostnaði gætir ekki þegar árgreiðsluaðferðin er notuð. Hjá strandveiðibátum sýnir árgreiðsluaðferðin mun lélegri afkomu en sú hefðbundna því fjöldi strandveiðibáta sem veiðir takmarkaðan afla er mjög mikill og því verður árgreiðslan, sem er reiknuð út frá vátryggingarverðmæti bátanna, mjög há. Ekki var unnt að meta afkomu í rækjuvinnslu árið 2011.

*Eigið fé sjávarútvegs í árslok  
2011 tæpir 105 milljarðar*

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir sjávarútvegs í árslok 2011 rúmir 547 milljarðar króna, heildarskuldir rúmir 443 milljarðar og eigið fé tæpir 105 milljarðar. Verðmæti heildareigna hækkaði um 8,9% frá 2010 en skuldir lækkuðu um 6,5%. Eiginfjárlutfallið reyndist 19,1% en 10,5% í árslok 2010. Eiginfjárlutfallið var neikvætt um tæplega 12% í árslok 2008 en árin þar á undan var eiginfjárlutfallið á bilinu 24–29%. Í töflu 8 er sýnd dreifing eiginfjárlutfalls þeirra fyrirtækja sem eru í úrtaki Hagstofunnar árin 2010 og 2011.

Auk þess talnaefnis sem hér birtist má vísa til sambærilegs efnis um fyrrí ár á vef Hagstofunnar: [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).

### **English summary**

Statistics Iceland has analyzed the operating accounts of fishing and fish processing companies for 2011 as well as their balance sheets. Information from these statements along with data on exports and catches were used to measure the overall profitability in the subsectors of these branches of industry.

The results show the profits of the main sub-sectors of these activities such as boats in several size categories, pelagic vessels, wet fish trawlers, freezing trawlers, processing of demersal species like freezing and salting, processing of pelagic and fresh fish processing.

The net profit of fishing and fish processing total increased somewhat between 2010 and 2011 or from 19.8% to 22.6% (according to the annuity approach and 6% rate of return). Net profit of fishing and fish processing of demersal species increased from the year before or from 21.5% of revenue to 24.5%.

Aggregated balance sheet of fishing and fish processing shows that the total worth of assets of the fisheries are ISK 547 billion, liabilities are worth of ISK 443 billion and equity nearly ISK 105 billion.

Comparable time series for previous years are available on the web site of Statistics Iceland, [www.statice.is](http://www.statice.is).

**Tafla 1. Hreinn hagnaður sjávarútvegs miðað við árgreiðsluaðferð og 6% ávöxtun**

Table 1. Net profit in fishing and fish processing, using annuity approach (imputed cost of capital) and 6% rate of return

Slutfall af tekjum Percent of revenue	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
<b>1. Sjávarútvegur í heild<sup>1,2</sup> <i>Fishing and fish processing, total<sup>1,2</sup></i></b>	<b>8,0</b>	<b>13,4</b>	<b>10,3</b>	<b>19,1</b>	<b>22,0</b>	<b>19,8</b>	<b>22,6</b>
<b>1.1 Veiðar og vinnsla botnfisks<sup>2</sup> <i>Fishing and fish processing of demersal species<sup>2</sup></i></b>	<b>9,7</b>	<b>18,5</b>	<b>12,8</b>	<b>24,6</b>	<b>25,1</b>	<b>21,5</b>	<b>24,5</b>
<b>1.1.1 Botnfiskveiðar <i>Fishing of demersal species</i></b>	<b>10,0</b>	<b>16,5</b>	<b>12,6</b>	<b>16,2</b>	<b>18,3</b>	<b>15,9</b>	<b>16,7</b>
Bátar <i>Boats</i>	6,1	15,6	13,6	22,4	16,4	12,5	<b>9,6</b>
Tograrar <i>Trawlers</i>	8,7	19,1	17,3	5,3	23,2	20,5	<b>20,6</b>
Frustiskip <i>Freezing vessels</i>	14,6	16,5	8,7	14,0	18,1	17,8	<b>21,5</b>
<b>1.1.2 Botnfiskvinnsla <i>Processing of demersal species</i></b>	<b>3,5</b>	<b>9,7</b>	<b>3,3</b>	<b>20,2</b>	<b>18,7</b>	<b>15,3</b>	<b>19,6</b>
Frysting <i>Freezing</i>	4,8	7,1	3,1	19,2	13,5	14,9	<b>22,1</b>
Soltun <i>Salting</i>	0,7	14,3	3,6	21,6	24,4	15,8	<b>13,9</b>
<b>1.2 Veiðar og vinnsla rækju<sup>2</sup> <i>Fishing and processing of shrimp<sup>2</sup></i></b>	—	—	—	—	—	—	—
<b>1.3 Uppsjávarfisksveiðar og -bræðsla<sup>2</sup> <i>Fishing and processing of pelagic fish<sup>2</sup></i></b>	<b>1,1</b>	<b>8,9</b>	<b>9,4</b>	<b>31,6</b>	<b>26,1</b>	<b>31,0</b>	<b>29,9</b>

<sup>1</sup> Hér eru talðar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og uppsjávarfisksveiðar og bræðsla. Uppsjávarveiðskip eru innifalín í frystiskipum og uppsjávarfrysting í frystingu. Included here are fishing and porcessing of demersal species, shrimp, and pelagic fish. Pelagic freezers are included in freezing vessels and frozen pelagic product are included in freezing.

<sup>2</sup> Miðað er við tekjur greinanna alls að frádregnum milliviðskiptum með hráefni. The income exclude transactions of raw material between enterprises.

**Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2011**  
 Table 2. Operating accounts of fishing 2011

Milljónir króna Million ISK	Bátar		Bátar		Uppsjávar- veiðiskip <i>Pelagic vessels</i>	Ísfisk- togarar <i>Fresh fish trawlers</i>	Frysti- togarar <i>Freezer trawlers</i>			
	undir 10 bt. <i>Boats</i>		10–200 bt. <i>Boats</i>							
	Alls <i>Total</i>	less than <i>10 GT</i>	10–200 <i>GT</i>	>200 bt. <i>Boats over 200 GT</i>						
<b>1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i></b>	<b>159.120</b>	<b>7.072</b>	<b>22.443</b>	<b>23.808</b>	<b>18.382</b>	<b>19.575</b>	<b>67.840</b>			
1.1 Útflutningstekjur <i>Export products</i>	69.475	52	346	2.360	124	3.812	62.781			
1.2 Selt hráefni <i>Fresh fish for processing</i>	84.398	6.581	20.864	20.366	17.569	15.405	3.614			
1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	5.248	440	1.233	1.082	690	357	1.446			
<b>2. Gjöld alls <i>Operating expenses</i></b>	<b>117.146</b>	<b>6.046</b>	<b>17.505</b>	<b>18.961</b>	<b>12.313</b>	<b>13.957</b>	<b>48.364</b>			
2.1 Aflahlutir <i>Fishermen's shares</i>	42.766	1.298	5.031	6.019	4.796	4.974	20.648			
2.2 Önnur laun <i>Other wages</i>	6.148	436	756	1.844	710	731	1.670			
2.3 Launatengd gjöld <i>Labour related costs</i>	8.112	350	1.118	1.198	933	1.013	3.500			
2.4 Olíur <i>Oil</i>	18.170	751	1.981	2.146	2.425	2.526	8.340			
2.5 Veiðarfæri <i>Fishing gear</i>	4.645	337	319	1.253	756	446	1.534			
2.6 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	7.484	695	813	1.208	1.075	660	3.032			
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. <i>Packaging and freezing cost</i>	1.356	—	—	—	—	—	1.356			
2.8 Flutningskostnaður <i>Transportation cost</i>	1.406	312	441	232	14	217	191			
2.9 Laun v/skrifstofu <i>Salaries</i>	475	0	46	141	5	115	168			
2.10 Skrifstofukostnaður <i>Overhead cost, excluding salaries</i>	3.953	300	895	928	462	456	913			
2.11 Tryggingar <i>Insurance</i>	1.804	191	289	309	242	183	590			
2.12 Sölukostnaður <i>Sales cost</i>	2.922	0	155	629	39	1.085	1.014			
2.13 Löndumarkostnaður <i>Landing cost</i>	2.591	0	198	450	337	407	1.199			
2.14 Önnur gjöld <i>Other expenses</i>	15.313	1.378	5.463	2.602	518	1.144	4.208			
<b>3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)</b>	<b>41.974</b>	<b>1.026</b>	<b>4.938</b>	<b>4.847</b>	<b>6.070</b>	<b>5.617</b>	<b>19.477</b>			
Share of capital, gross	26,4	14,5	22,0	20,4	33,0	28,7	28,7			
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	7.518	569	666	919	1.447	872	3.044			
4. Afskriftir <i>Depreciation</i>										
5. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	11.239	113	1.843	2.109	651	2.529	3.993			
<b>6. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Profit (6.=3.-4.-5.)</i></b>	<b>23.218</b>	<b>344</b>	<b>2.428</b>	<b>1.818</b>	<b>3.972</b>	<b>2.216</b>	<b>12.440</b>			
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	14,6	4,9	10,8	7,6	21,6	11,3	18,3			
7. Árgreiðsla, 6% <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	14.032	1.189	1.925	2.372	2.198	1.582	4.766			
<b>8. Hreinn hagnaður <i>Profit (8.=3.-7.)</i></b>	<b>27.942</b>	<b>-162</b>	<b>3.012</b>	<b>2.475</b>	<b>3.872</b>	<b>4.035</b>	<b>14.710</b>			
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	17,6	-2,3	13,4	10,4	21,1	20,6	21,7			

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2011 (frh.)  
 Table 2. Operating accounts of fishing 2011 (cont.)

Milljónir króna Million ISK	Bátar undir 10 bt. Boats less than 10 GT		Bátar 10–200 bt. Boats 10–200 GT		Bátar >200 bt. Boats over 200 GT	Uppsjávar- veiðiskip Pelagic vessels	Ísfisk- togarar Fresh fish trawlers	Frysti- togarar Freezer trawlers
	Alls Total							
<b>Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i></b>								
Fjöldi <i>Fleet – number of vessels</i>	1.338	937	255	66	20	25	35	
Brúttótonn (BT – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	127	6	39	353	2.507	673	1.832	
Skráð lengd (metrar – meðaltal)								
<i>Fleet – average length</i>	14	8	14	32	110	41	57	
Vélarstærð (kW) <i>Fleet - average kW</i>	361	118	281	638	6.334	1.191	2.919	
Meðalsmíðaár <i>Fleet - building year</i>	1989	1989	1991	1976	1979	1984	1988	
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna								
<i>Insurance value, million ISK</i>	117.571	9.960	16.132	19.874	18.413	13.256	39.936	
<b>Afl, þúsund tonn <i>Volume, thousand tonnes</i></b>	<b>1.148,9</b>	<b>23,3</b>	<b>83,3</b>	<b>106,2</b>	<b>466,8</b>	<b>94,9</b>	<b>374,4</b>	
Þorskur <i>Cod</i>	182,0	14,6	41,4	47,6	0,5	39,1	38,8	
Ýsa <i>Haddock</i>	51,3	2,7	17,2	13,8	0,2	8,4	9,0	
Ufsi <i>Saithe</i>	50,5	2,7	2,9	7,2	0,5	16,2	21,1	
Karfi <i>Redfish</i>	45,3	0,5	7,3	19,0	0,0	4,3	14,1	
Rækja <i>Shrimp</i>	8,4	0,0	1,7	3,1	–	1,8	1,9	
Sild <i>Herring</i>	202,5	0,0	0,1	0,3	123,5	0,4	78,2	
Loðna <i>Capelin</i>	329,0	–	–	–	259,8	–	69,3	
Kolmunni <i>Blue whiting</i>	5,2	–	–	–	3,4	–	1,7	
Makrill <i>Mackerel</i>	158,6	–	0,2	3,0	73,0	3,9	78,6	
Annað <i>Other</i>	115,9	2,8	12,6	12,1	5,9	20,8	61,8	
<b>Verðmæti, milljónir kr. <i>Value, million ISK</i></b>	<b>153.872</b>	<b>6.631</b>	<b>21.210</b>	<b>22.726</b>	<b>17.693</b>	<b>19.217</b>	<b>66.395</b>	
Þorskur <i>Cod</i>	46.387	4.164	11.557	11.631	98	8.715	10.221	
Ýsa <i>Haddock</i>	11.992	724	4.357	2.940	25	1.743	2.203	
Ufsi <i>Saithe</i>	9.139	451	458	1.016	48	1.923	5.244	
Karfi <i>Redfish</i>	14.973	49	177	1.136	84	4.060	9.467	
Rækja <i>Shrimp</i>	1.902	1	314	618	–	363	606	
Sild <i>Herring</i>	14.465	2	5	13	5.189	13	9.243	
Loðna <i>Capelin</i>	10.416	–	–	–	7.826	–	2.590	
Kolmunni <i>Blue whiting</i>	257	–	–	–	86	–	171	
Makrill <i>Mackerel</i>	17.846	–	30	201	4.161	301	13.152	
Annað <i>Other</i>	26.494	1.241	4.310	5.171	175	2.099	13.498	

**Skýringar Notes:** Við gerð þessa yfirlits hefur úrtakið í viðkomandi útgerðarflokki verið stækkað upp þannig að tekjur af sölu afla stemmi við heildartekjur af sölu afla í viðkomandi útgerðarflokki eins og þær eru áætlaðar af Hagstofu Íslands og Fiskistofu. Tekjur þeirra útgerðardeilda sem eru með í úrtakinu eru 79% af tekjum báta undir 10 brúttótonnum, 80% af tekjum báta 10-200 brúttótonnum, 66% af tekjum báta yfir 200 brúttótonn, 100% af tekjum uppsjávarveiðiskipa, 68% af tekjum ísfisktoga og 70% af tekjum frystitoga sem gerir um 76% af heildinni. Inn í rekstraryfirliti frystiskipa eru nokkur skip sem frysta uppsjávarafla. These operating accounts are of grossed up to anear complete coverage. The sample size of each type of ship has been grossed up to totals with reference to the total value of catch by type of ship as estimated by Statistics Iceland and Directorate of Fisheries. The sample size was as follows: Boats less than 10 GRT 79%; boats 10-200 GRT 80%; boats over 200 GRT 66%; pelagic vessels 100%; fresh fish trawlers 68% and freezer trawlers 70% or 76% of the total. Included in the freezer trawlers operating account are a few trawlers that freeze pelagic species.

**Tafla 3. Rekstraryfirlit fiskvinnslu 2011**  
**Table 3. Operating accounts of fish processing 2011**

	Milljónir króna Million ISK			Söltun og hersla <i>Salting and drying</i>	Mjöl- og lysisvinnsla <i>Fish meal and oil</i>	Ferskfisk- vinnsla <i>Fresh fish processing</i>
		Alls <i>Total</i>	Frysting <i>Freezing</i>			
<b>1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i></b>	<b>198.766,3</b>	<b>90.613</b>	<b>39.492</b>	<b>26.849</b>	<b>41.812</b>	
1.1 Útflutningstekjur <i>Export products</i>	193.938	88.786	38.412	26.743	39.998	
1.2 Innanlandssala afurða <i>Domestic sale of products</i>	3.065	1.145	119	89	1.712	
1.3 Seldur aflí - Selt hráefni <i>Domestic sale of fresh fish</i>	250	110	150	-9	-	
1.4 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	1.513	572	811	27	102	
<b>2. Aðföng alls <i>Intermediate consumption</i></b>	<b>137.972</b>	<b>56.862</b>	<b>28.460</b>	<b>19.065</b>	<b>33.585</b>	
2.1 Hráefni <i>Raw material</i>	107.735	44.306	22.961	14.091	26.377	
2.2 Rafmagn <i>Electricity</i>	2.024	563	492	689	280	
2.3 Oliur <i>Oil</i>	1.188	11	19	1.157	1	
2.4 Tryggingar <i>Insurance</i>	299	83	55	113	47	
2.5 Umbúðir <i>Packaging</i>	6.572	3.235	1.436	-	1.901	
2.6 Flutningskostnaður <i>Transportation costs</i>	4.646	1.787	548	279	2.032	
2.7 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	3.779	1.394	604	920	861	
2.8 Önnur aðföng <i>Other intermediate consumption</i>	11.729	5.483	2.344	1.815	2.087	
<b>3. Vinnsluvirði <i>Value added (3.=1.-2.)</i></b>	<b>60.794</b>	<b>33.750</b>	<b>11.033</b>	<b>7.784</b>	<b>8.227</b>	
<b>4. Laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees</i></b>	<b>22.400</b>	<b>11.212</b>	<b>4.928</b>	<b>848</b>	<b>5.412</b>	
<b>5. Skattar á framleiðslu <i>Taxes on production</i></b>	<b>427</b>	<b>149</b>	<b>86</b>	<b>111</b>	<b>81</b>	
<b>6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA)</b>	<b>37.967</b>	<b>22.389</b>	<b>6.018</b>	<b>6.826</b>	<b>2.734</b>	
<i>Share of capital, gross</i>						
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	<b>19,1</b>	<b>24,7</b>	<b>15,2</b>	<b>25,4</b>	<b>6,5</b>	
7. Afskriftir <i>Depreciation</i>	4.574	1.673	797	1.212	892	
8. Rekstrarafgangur <i>Operating surplus (8=6.-7.)</i>	33.393	20.716	5.221	5.613	1.843	
9. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	11.681	5.501	2.498	722	2.960	
<b>10. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Net profit (10.=8.-9.)</i></b>	<b>21.713</b>	<b>15.215</b>	<b>2.723</b>	<b>4.891</b>	<b>-1.117</b>	
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	10,9	16,8	6,9	18,2	-2,7	
11. Árgreiðsla (6%) <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	6.370	2.350	1.092	1.731	1.197	
<b>12. Hreinn hagnaður <i>Net profit (12.=6.-11.)</i></b>	<b>31.598</b>	<b>20.039</b>	<b>4.926</b>	<b>5.095</b>	<b>1.537</b>	
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	15,9	22,1	12,5	19,0	3,7	

**Skýringar Notes:** Við gerð þessa yfirlits hefur úrtakið í viðkomandi vinnsludeild verið stækkað upp þannig að útflutningstekjur stemmi við heildartekjur af útflutningi af viðkomandi vörutegundum samkvæmt tólu Hagstofunnar. Útflutningsframleiðsla þeirra vinnsludeilda, sem eru með í úrtakinu, var 79% af útflutningi landfrysts botnfishs, 65% af útflutningi botnfishsöltunar, 64% af útflutningi mjölvinnslu og 55% af útflutningi ferskra afurða. sem gerir um 71% af heildinni. Ekki er gert sérstakt yfirlit yfir rekstur herslu, hörpudiskvinnslu,síldarsöltun og er rekstur þeirra talin með rekstri botnfishsöltunar. Rækjuvinnsla er innifalinn í frystingu. *These operating accounts are grossed up to a complete coverage. The sample size of each type of processing has been grossed up to totals with reference to the total value of exports by type of processing as estimated by Statistics Iceland. The sample size was as follows: Freezing 79%; Salted fish 65%; fish meal and oil 64%; fresh fish export 55% or 71% of the total. A separate operating account is not constructed for stock fish production scallop freezing salting of herring and these productions are included in salt fish production. Shrimp production is included in freezing production.*

**Tafla 4. Efnahagsfirlit sjávarútvegsins 2005–2011**  
**Table 4. Aggregated balance sheet of fishing and fish processing 2005–2011**

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
<b>1. Veltufjármunir <i>Current assets</i></b>	<b>56.185</b>	<b>63.771</b>	<b>79.550</b>	<b>88.338</b>	<b>103.812</b>	<b>110.580</b>	<b>104.584</b>
1.1 Sjóður og bankainnistæður <i>Cash and bank time deposits</i>	13.777	17.434	27.335	26.330	43.693	36.528	36.246
1.2 Viðskiptakröfur <i>Business claims</i>	23.221	25.505	24.613	29.903	36.378	34.647	40.318
1.3 Birgðir <i>Stocks</i>	14.763	15.538	16.341	24.758	21.211	20.019	23.296
1.4 Aðrir veltufjármunir <i>Other current assets</i>	4.424	5.294	11.261	7.347	2.530	6.162	4.724
<b>2. Fastaþjármunir <i>Fixed assets</i></b>	<b>277.414</b>	<b>296.571</b>	<b>366.705</b>	<b>354.460</b>	<b>437.501</b>	<b>405.143</b>	<b>442.426</b>
2.1 Áhættufjármunir og langtímakröfur <i>Investments and long term claims</i>	56.471	68.207	103.808	77.776	102.394	87.462	108.521
2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir <i>Property, plant and equipments</i>	97.448	90.399	92.335	95.344	115.157	109.980	109.010
2.3 Aðrar eignir <i>Other assets</i>	123.495	137.965	170.562	181.340	219.950	207.701	224.896
<b>3. Eignir = Skuldir + Eigið fé</b>							
<i>Total assets = Total liabilities and equity</i>	<b>333.599</b>	<b>360.342</b>	<b>446.255</b>	<b>442.799</b>	<b>541.313</b>	<b>502.498</b>	<b>547.221</b>
<b>4. Skuldir <i>Debts</i></b>	<b>238.110</b>	<b>276.360</b>	<b>336.308</b>	<b>523.036</b>	<b>541.783</b>	<b>473.717</b>	<b>442.899</b>
4.1 Skammtímaskuldir <i>Current liabilities</i>	60.465	61.521	82.824	119.948	146.690	114.591	113.856
4.2 Langtímaskuldir <i>Long term liabilities</i>	177.645	214.839	253.484	403.088	395.093	359.125	329.043
<b>5. Eigið fé <i>Equity</i></b>	<b>95.489</b>	<b>83.982</b>	<b>109.947</b>	<b>-80.238</b>	<b>-470</b>	<b>28.782</b>	<b>104.322</b>
6. Veltufjárlutfall <i>Current ratio</i>	0,93	1,04	0,96	0,74	0,71	0,94	0,92
7. Eiginfjárlutfall <i>Equity ratio</i>	28,6	23,3	24,6	-18,1	-0,1	10,5	19,1

**Skýringar Notes:** Árið 2005 var samræmt skattframtal rekstraraðila, sem nær yfir flest fyrirtæki í atvinnugreininni, stækkað um 7%, árið 2006 um 8%, 4% árið 2007 en skattframtalið var óbreytt árin 2008–2011. In 2005 the Enterprise Accounts Register covered nearly 93% of the fishing and fish processing industry, 92% in 2006, 96% in 2007, but it was unadjusted 2008–2011. This register is a standardised register of annual accounts and submitted to tax authorities.

**Tafla 5. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu 2011**  
**Table 5. Distribution of establishments in freezing by gross share of capital 2011**

Verg hlutdeild Share of capital gross	Fjöldi eininga í úrtaki Number of establishments in the sample	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % Share of sample in turnover, %	Meðalvelta, milljónir króna Average turnover per establishment, million ISK
<b>Alls Total</b>	<b>33</b>	<b>100</b>	<b>2.013</b>
< 0%	7	4,6	439
0–5%	5	16,2	2.149
5–10%	5	8,2	1.090
10–15%	5	7,8	1.040
15–20%	2	3,6	1.205
20–25%	4	6,8	1.133
> 25%	5	52,7	7.002

**Skýringar** Notes: Deildir sem frysta botnfisk 2011. Establishments freezing demersal species in 2011.

**Tafla 6. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í söltun 2011**  
**Table 6. Distribution of establishments in salting by gross share of capital 2011**

Verg hlutdeild Share of capital gross	Fjöldi eininga í úrtaki Number of establishments in the sample	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % Share of sample in turnover, %	Meðalvelta, milljónir króna Average turnover per establishment, million ISK
<b>Alls Total</b>	<b>21</b>	<b>100,0</b>	<b>1.112</b>
< -5%	3	5,0	388
-5–0%	1	0,1	12
0–5%	6	20,4	794
5–10%	2	3,5	405
10–15%	4	12,8	746
15–20%	1	11,0	2.574
20–25%	3	45,8	3.565
> 25%	1	1,5	352

**Skýringar** Notes: Deildir sem salta botnfisk 2011. Establishments salting demersal species in 2011.

**Tafla 7. Dreifing afkomu 835 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2011**  
*Table 7. Profit distribution of 835 enterprises in fishing and fish processing 2011*

Hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum <i>Net profit as a percentage of revenue</i>	Fjöldi fyrirtækja <i>Number of enterprises</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki fyrirtækja <i>Share of turnover per sample in turnover (%)</i>	Meðalvelta, millj. kr. <i>Average turnover per establishment, fishing in total million ISK</i>	Hlutfall tekna af útgerð frystitogara <i>Share of Share of freezers in total rev., %</i>	Hlutfall tekna af útgerð frystitogara <i>Share of Share of freezers in total rev., %</i>	Hlutfall sem hlutfall af tekjum <i>Gross share of capital as a perc. of revenue</i>	Verg hlutd. af tekjum <i>Eiginfjárhluftfall as a perc. of revenue</i>
<b>Alls Total</b>	<b>835</b>	<b>100,0</b>	<b>310</b>	<b>46,9</b>	<b>19,0</b>	<b>23,0</b>	<b>19,9</b>
< -10%	287	5,3	48	61,1	12,0	6,6	-60,4
-10– -5%	58	3,8	167	66,4	31,0	12,4	-34,3
-5–0%	61	4,7	200	28,3	—	7,4	-9,5
0–5%	119	10,4	227	24,4	—	8,9	-12,0
5–10%	77	7,0	234	45,6	9,0	17,9	2,2
10–15%	45	7,1	408	40,3	—	21,5	1,4
15–20%	48	33,3	1.793	53,0	28,0	26,7	39,1
20–25%	27	3,9	377	70,0	44,0	32,7	21,0
> 25%	113	24,4	559	44,4	21,0	32,5	38,0

**Skýringar Notes:** Með hreinum hagnaði er hér átt við hreinan hagnað eins og hann er skilgreindur í rekstrarreikningum fyrirtækjanna, þ.e. með því að gjaldsfæra afskriftir og fjármagnskostnað fyrirtækjanna. Hagnaður fyrirtækisins er hagnaður af allri starfseminni hvort sem um er að ræða botnfiskveiðar og -vinnslu, uppsjávarveiðar og -vinnslu, rækjuvinnslu eða einhverja aðra starfsemi á sviði sjávarútvegs. Here, net profit is defined according to bookkeeping practises, i.e. imputed cost of capital is not used but the conventional methods, cf. tables 2 and 3. The figures show net profit by enterprises, not by establishments.

**Tafla 8. Dreifing eiginfjárlutfalls fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2010–2011**  
 Table 8. Distribution of equity ratio 2010–2011, all enterprises in the sample

Eiginfjárlutfall <i>Equity ratio</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Eiginfjár- hlutfall (%) <i>Equity ratio (%)</i>	Hlutdeild í eignum (%) <i>Share of total assets (%)</i>	Hlutdeild í tekjum (%) <i>Share of operating revenue (%)</i>
<b>2011</b>				
<b>Alls Total</b>	<b>808</b>	<b>3,7</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
< -100%	95	-223,2	1,5	2,4
-75% – -100%	21	-90,4	2,3	2,5
-50% – -75%	38	-63,3	1,5	1,4
-25% – -50%	49	-38,2	1,4	2,4
0% – -25%	98	-13,4	13,7	13,5
0% – 25%	121	15,3	22,5	19,1
25% – 50%	83	41,1	45,0	43,6
50% – 75%	82	53,5	10,0	12,1
>75%	221	90,2	2,1	2,9
< 0%	301	-42,5	20,3	22,3
0% >	507	36,7	79,7	77,7
<b>2010</b>				
<b>Alls Total</b>	<b>582</b>	<b>3,7</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
< -100%	96	-143,2	4,3	2,7
-75% – -100%	31	-85,8	4,4	4,0
-50% – -75%	40	-62,7	2,3	3,3
-25% – -50%	44	-37,5	5,1	5,5
0% – -25%	50	-12,1	15,1	18,8
0% – 25%	68	16,4	38,6	39,8
25% – 50%	50	38,4	28,0	21,6
50% – 75%	41	59,8	0,7	2,3
>75%	162	88,9	1,4	2,1
< 0%	261	-48,4	31,2	34,2
0% >	321	27,3	68,8	65,8

**Skýringar Notes:** Ekki eru tiltækir efnahagsreikningar nokkura einstaklingsfyriraðja. Þeir koma því ekki fram í dreifingu eiginfjárlutfalls. Few unincorporated firms are included in the operating accounts but not in the balance sheet because their assets are not recorded.

**Tafla 9. Rekstraryfirlit sjávarútvegs 2011**  
**Table 9. Operating accounts of fishing and fishprocessing 2011**

Milljónir króna Million ISK	Fiskveiðar <i>Fishing</i>	Fiskvinnsla <i>Fish processing</i>	Sjávarútvegur alls <sup>1</sup> <i>Fishing industry<sup>1</sup></i>
<b>1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i></b>	<b>159.120</b>	<b>198.766</b>	<b>263.413</b>
1.1 Útflutningstekjur <i>Export products</i>	69.475	193.938	263.413
1.2 Seldur afli – Selt hráefnir <i>Domestic sale of fresh fish</i>	84.398	3.315	–
1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	5.248	1.513	–
<b>2. Aðföng alls <i>Operating expenses</i></b>	<b>59.645</b>	<b>137.972</b>	<b>103.144</b>
2.1. Hráefni <i>Raw material</i>	–	107.735	13.262
2.2 Rafmagn <i>Electricity</i>	–	3.212	3.212
2.3 Olíur <i>Oil</i>	18.170	–	18.170
2.4 Tryggingar <i>Insurance</i>	1.804	299	2.103
2.5 Umbúðir <i>Packaging</i>	1.356	6.572	7.928
2.6 Flutningskostnaður <i>Transportation costs</i>	1.406	4.646	6.052
2.7 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	7.484	3.779	11.263
2.8 Veiðarfæri <i>Fishing gear</i>	4.645	–	4.645
2.8 Önnur aðföng <i>Other intermediate consumption</i>	24.779	11.729	36.508
<b>3. Vinnsluvirði <i>Value added (3=1.-2.)</i></b>	<b>99.476</b>	<b>60.794</b>	<b>160.270</b>
4. Laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees</i>	57.501	22.400	79.901
5. Skattar á framleiðslu <i>Taxes on production</i>	–	427	427
<b>6. Verg hlutdeilda fjármagns (EBITDA)</b>			
<i>Share of capital, gross</i>	<b>41.974</b>	<b>37.967</b>	<b>79.941</b>
<i>Hlutfall af tekjum Percentage of revenue</i>	<b>26,4</b>	<b>19,1</b>	<b>30,3</b>
7. Afskriftir <i>Depreciation</i>	7.518	4.574	12.092
8. Rekstrarafgangur <i>Operating surplus (8.=6.-7.)</i>	34.457	33.393	67.850
9. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	11.239	11.681	22.919
<b>10. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Net profit (10.=8.-9.)</i></b>	<b>23.218</b>	<b>21.713</b>	<b>44.930</b>
<i>Hlutfall af tekjum Percentage of revenue</i>	14,6	10,9	17,1
11. Árgreiðsla 6% <i>Imputed cost of capital 6%</i>	14.032	6.370	20.402
<b>12. Hreinn hagnaður Profit (13.=6.-11.)</b>	<b>27.942</b>	<b>31.598</b>	<b>59.540</b>
<i>Hlutfall af tekjum Percentage of revenue</i>	17,6	15,9	22,6

<sup>1</sup> Hér er búið að fella út viðskipti með hráefni á milli fiskveiða og fiskvinnslu. Seldur afli og aðrar tekjur koma á móti hráefninu. *Raw material netted out against domestic sale of fresh fish and other income.*

**Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 bt. og strandveiða 2011**

Table 10. Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2011

Milljónir króna Million ISK	Samtals <sup>1</sup> Total <sup>1</sup>	Strandveiði <sup>2</sup> Costal fishing <sup>2</sup>	Bátar undir 10 bt. Boats less than 10 GT
<b>1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i></b>	<b>7.072</b>	<b>2.141</b>	<b>4.931</b>
1.1 Útflutningstekjur <i>Export products</i>	52	—	52
1.2 Selt hráefni <i>Fresh fish for processing</i>	6.581	2.026	4.555
1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	440	116	324
<b>2. Gjöld alls <i>Operating expenses</i></b>	<b>6.046</b>	<b>1.958</b>	<b>4.088</b>
2.1 Aflahlutir <i>Fishermen's shares</i>	1.298	423	875
2.2 Önnur laun <i>Other wages</i>	436	—	436
2.3 Launatengd gjöld <i>Labour related costs</i>	350	76	273
2.4 Olíur <i>Oil</i>	751	57	694
2.5 Veiðarfæri <i>Fishing gear</i>	337	214	122
2.6 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	695	281	414
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. <i>Packaging and freezing cost</i>	—	—	—
2.8 Flutningskostnaður <i>Transportation cost</i>	312	104	208
2.9 Laun v/skrifstofu <i>Salaries</i>	—	—	—
2.10 Skrifstofukostnaður <i>Overhead cost, excluding salaries</i>	300	108	192
2.11 Tryggingar <i>Insurance</i>	191	—	191
2.12 Sölukostnaður <i>Sales cost</i>	—	—	—
2.13 Löndunarkostnaður <i>Landing cost</i>	—	—	—
2.14 Önnur gjöld <i>Other expenses</i>	1.378	695	683
<b>3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)</b>	<b>1.026</b>	<b>183,1</b>	<b>843</b>
<i>Share of capital, gross</i>			
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	14,5	8,6	17,1
<b>4. Afskriftir <i>Depreciation</i></b>	<b>569</b>	<b>275</b>	<b>294</b>
5. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	113	127	-14
<b>6. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Profit (6.=3.-4.-5.)</i></b>	<b>344</b>	<b>-219</b>	<b>563</b>
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	4,9	-10,2	11,4
7. Árgreiðsla, 6% <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	1.189	906	283
<b>8. Hreinn hagnaður <i>Profit (8.=3.-7.)</i></b>	<b>-162</b>	<b>-723</b>	<b>561</b>
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	-2,3	-33,8	11,4

Tafla 10. Rekstraryfirlit strandveiða 2011 (frh.)  
 Table 10. Operating accounts of costal fishing 2011 (cont.)

Milljónir króna Million ISK	Samtals <sup>1</sup> Total <sup>1</sup>	Strandveiði <sup>2</sup> Costal fishing <sup>2</sup>	Bátar undir 10 bt. Boats less than 10 GT
<b>Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i></b>			
Fjöldi <i>Fleet – number of vessels</i>	937	559	378
Brúttótonn (BT – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	6	6	6
Skráð lengd (metrar - meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	9	9	9
Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	118	109	132
Meðalsmíðaár <i>Fleet – building year</i>	1989	1987	1993
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna <i>Insurance value, million ISK</i>	9.960	6.054	3.906
<b>Afli, þúsund tonn <i>Volume, thousand tonnes</i></b>			
Þorskur <i>Cod</i>	14,6	5,9	8,7
Ýsa <i>Haddock</i>	2,7	0,1	2,6
Ufsi <i>Saithe</i>	2,7	1,0	1,8
Karfí <i>Redfish</i>	0,5	0,1	0,4
Annað <i>Other</i>	2,8	0,4	2,4
<b>Verðmæti, milljónir kr. <i>Value, million ISK</i></b>			
Þorskur <i>Cod</i>	4.164	1.674	2.490
Ýsa <i>Haddock</i>	724	25	698
Ufsi <i>Saithe</i>	451	158	293
Karfí <i>Redfish</i>	49	26	23
Annað <i>Other</i>	1.244	143	1.101

<sup>1</sup> Hér eru talðar veiðar allra smábáta undir 10 tonnum og þar með strandveiðar. Included here are all fishing of small boats undir 10 GT, costal fishing included.

<sup>2</sup> Rekstraryfirlit 559 strandveiðibáta. The operating accounts of 559 costal boats.



**Hagtiðindi Sjávarútvegur**  
Statistical Series **Fisheries**

97. árg. • 42. tbl. 2012:5

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4533 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4541 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. Price ISK 900 • € 7

Umsjón Supervision Gyða Þórðardóttir • gyda.thordardottir@hagstofa.is

Sími Telephone +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími Fax +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)